

4. fundur Verkefnisstjórn Rammaáætlunar, 6. áfanga

Staður: Akurey, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Borgartún 26, 105 Reykjavík

Tími: 17. október 2025 kl. 10:00-12:00

Mætt: Vstj: Svanfríður Jónasdóttir (SJ), Pétur Marteinn Urbancic Tómasson (PMUT) (á Microsoft Teams), Kjartan Ólafsson (KÓ), Ása L. Aradóttir (ÁLA), Guðrún A. Sævarsdóttir (GAS) (Sat frá 10:18), Jón Björn Hákonarson (JBH) (Sat frá 10:20)

URN: Ása Guðmundsdóttir

Gestir: Hafsteinn S. Hafsteinsson

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar 3. fundar
2. Ný rás á Microsoft Teams fyrir verkefnisstjórn
3. Afturkallaðar friðlýsingar vegna dóms Hæstaréttar, umfjöllun
4. Erindi frá Hagfræðistofnun HÍ, bréf dags. 10. október 2025 um hagrænt umhverfismat.
5. Erindi frá Sif Konráðsdóttur vegna endurmats á virkjanakosti, dagsett 15. október 2025
6. Endurskoðun laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, Hafsteinn S. Hafsteinsson
lögfræðingur

Fundarfrásögn:

Fundur settur 10:12. ATH. Ekki var farið nákvæmlega eftir fyrirhugaðri dagskrá hvað varðar röðun.

Engar athugasemdir við fundargerð 3. fundar og er fundargerðin samþykkt.

Stuttlega fjallað um afturkallaðar friðlýsingar vegna dóms Hæstaréttar. Nauðsynlegt er að skýra afmörkun á þessum svæðum. SJ hafði farið yfir málið með Sigríði Svönu, lögfræðingi í Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, fyrir fund og mun hún koma á næsta fund til að fara yfir afturköllun friðlýsinga með verkefnisstjórninni.

Hafsteinn mætir 10:30. Hann lýkur við yfirferð á glærum frá síðasta fundi um endurskoðun laga um verndar- og orkunýtingaráætlun. Umræður fylgja um hvernig fyrirhugaðar breytingar á lögum munu hafa áhrif á verklag verkefnisstjórnarinnar.

Fjallað er um erindi sem barst frá Sif Konráðsdóttur vegna endurmats á virkjunarkosti, dagsett 15. október 2025. Umræður fylgja.

Fjallað er um erindi frá Hagfræðistofnun HÍ, bréf dags. 10. október 2025 um hagrænt umhverfismat. Erindið er mótttekið en verður ekki afgreitt að sinni m.a. þar sem verkefnisstjórnin er ekki byrjuð að meta virkjunarkosti.

Að lokum eru skoðuð Teams svæði verkefnisstjórnarinnar.

Formaður mun kynna Rammaáætlun á málþingi Landverndar 18. október nk.. Erindið heitir *Rammaáætlun í ljósi reynslunnar* og verður í Veröld Vigdísar. Einnig verður streymi.

Fundi slitið 12:10